

VIGFÚSDÓTTIR/GRÉTARSDÓTTIR

Kvennalandslið í strandblaki

ÍSLAND

Official Facebook: Vigfusdottir/Gretarsdottir (like page)

<https://www.facebook.com/Vigf%C3%BAsd%C3%B3ttirGr%C3%A9tarsd%C3%B3ttir-114893030421828>

Official Instagram: dottir.beachvolley



Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir
Hverjar erum við?



Thelma Dögg Grétarsdóttir

Við heitum Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir (31 ára) og Thelma Dögg Grétarsdóttir (23 ára) og höfum verið mikilvægur hluti af íslenska kvennalandsliðinu í blaki síðustu ár. Jóna Guðlaug kemur frá Neskaupstað en Thelma er uppalin í Mosfellsbæ og hefur búið þar allt sitt líf. Jóna hefur verið fyrirliði landsliðsins síðustu 7 ár og Thelma einn af varafyrirliðum liðsins. Ásamt því spilum við sem atvinnumenn í okkar liðum og höfum gert síðustu 3 ár. Við höfum náð góðum árangri með okkar liðum (Íslands-, bikar -og deildarmeistarar) og höfum við báðar verið valdar blakkonur Íslands oft en einu sinni og fengið fjölda MVP viðurkenningar með félagsliðum og landsliðum. Thelma hefur einnig verið valin Íþróttakona Aftureldingar tvisvar sinnum og Íþróttakona Mosfellsbæjar einu sinni, ásamt því valin blakkona Aftureldingar 6x. Við höfum lagt mikið á okkur til þess að komast á þann stað sem við erum í dag og erum hungraðar að ná enn lengra.

Nýtt krefjandi markmið

Nú langar okkur að kanna nýjar slóðir, sameina okkar getu og keppa í strandblaki fyrir Íslands hönd. Okkar markmið er að komast lengra heldur en íslenskt strandblakslíð hefur komist og skrifa nýja sögu, okkar sögu. Við höfum spilað strandblak saman áður og könnumst því vel við hvor aðra og stefnum við nú á að taka þátt í eins mörgum alþjóðlegum mótum og hægt er næsta sumar, miðað við núverandi aðstæður í heiminum. Jóna Guðlaug er búsett í Svíþjóð en Thelma á Íslandi. Á Íslandi er engin innanhúsaðstaða til þess að stunda strandblak á veturna. Um leið og blaktímabilið klárast, sem er í maí, förum við í æfingabúðir erlendis þar sem aðal einbeitingin verður að æfa og keppa. Stóra markmiðið okkar er að komast á **Ólympíuleikana 2024**.

Strandblak

Í strandblaki eru aðeins tveir leikmenn saman í liði og þurfa þeir sjálfir að standa undir öllum þeim kostnað sem upp kemur (þjálfari, flug, sjúkraþjálfun o.s.fr.). Fyrir hvert mót sem lið tekur þátt á fær það stig eftir árangri, fleiri stig þýða sterkari mót. Mótum er skipt í styrkleikaflokka frá 1 stjörnu mót og upp í 5 stjörnu mót. Lið þurfa að vinna sig upp í 5 stjörnu mót og gera þau það með því að elta uppi öll minni mótin sem gefa stig. Þegar nýtt lið er að koma sér inn á mót þarf það yfirleitt að taka þátt í útsláttakeppni um að komast inn á sjálft mót, ef það tekst ekki hefur liðið lokið keppni eftir jafnvel svo lítið sem einn leik. Í strandblaki þarftu að gera þitt besta alla daga til þess að ná árangri.

Fyrirmyndir og Stuðningur

Við viljum vera fyrirmyndir fyrir unga leikmenn sem koma á eftir okkur og sýna að ekkert er ómögulegt ef þú átt stóra drauma og ert tilbúin að leggja mikið á þig. Okkur langar að ryðja brautina, vekja athygli á strandblaki innan íslensku íþróttahreyfingarinnar. Við hljótum stuðning frá BLÍ (Blaksamband Íslands) og Strandblaksnefnd Íslands. Áhugi er fyrir þessari íþróttagrein á nánast öllum landshlutum og þætti okkur frábært að geta sýnt hvað við getum komist langt.

Markaðsetning

Samfélagsmiðlar verða okkar markaðstæki. Við munum nýta þá til að koma okkur á framfæri og vekja athygli á þeim verkefnum sem eru framundan hjá okkur og einnig verður hægt að sjá hvað gerist á bakvið tjöldin. YouTube, Instagram, Facebook og aðrir miðlar munu veita innsýn í hvernig líf íþróttamanns í strandblaki er, ásamt því að bjóða upp á gjafaleiki í samstarfi við fyrirtæki. Markmið okkar er að ná til sem flestra

Íþróttunnenda, unga sem gamla og sýna mikilvægi þess að lifa heilsusamlegum lífstíl. Okkur langar að vekja athygli á því að lífið snýst ekki um að vera fullkominn heldur að vera besta útgáfan af sjálfum sér. Blak- og strandblaksáhugamenn á Íslandi eru á öllum aldri og erum við vel þekktar í því samfélagi og vonumst við eftir að fá góða eftirfylgni þaðan.

Viltu vera partur af liðinu?

Allir styrktaraðilar verða auglýstir samkvæmt samkomulagi og margir möguleikar eru í boði. Við munum sjá um að kynna/auglýsa/gjafaleikir á Facebook og Instagram síðu, prenta logo fyrirtækis á búning eða upphitunargalla, myndbandsupptöku sem auglýsing og notkun á vöru.

Fyrirtækjum er velkomið að hafa samband varðandi aðrar hugmyndir.

Kostnaður

Keppni í strandblaki felur í sér ferðalög um allan heim að spila á mótum og safna stigum ásamt kostnaði tengdur æfingum og þjálfun. Gríðarlegur kostnaður fer í þetta ferli og geta liðin aðeins tekið þátt í sterkari mótum þegar það hefur safnað sér nógu miklum stigum (stigin koma þegar tekið er þátt á minni mótum). Markmiðið okkar næsta sumar er að taka þátt í eins mörgum alþjóðlegum mótum og við höfum tök á (2-7 mót) ásamt því að spila í sænsku mótaröðinni.

Til þess að hafa tök á að gera þessi markmið að veruleika leitum við til þín um stuðning og samstarf.

Nú í dag vinnum við að hörðum höndum að gera okkar fjárhagsáætlun eins nákvæma og hægt er og verður hún sett fram í viðtölum okkar við fyrirtæki. Okkar styrktaraðilar munu ávallt fá innsýn kostnað og okkar verkefni

Hægt er að styrkja okkur á marga vegu:

- ❖ Peningastyrkur
 - Kostnaður við flug
 - Greiðsla fyrir þjálfara
 - Hótelkostnaður/húsnæði í keppnis- og æfingaferðum
- ❖ Styrktar- eða sjúkrapjálfun
- ❖ Matur og næring
 - Næringarfræðsla
 - Vítamín eða önnur bætiefni
 - Matar/drykkjar pakkar
- ❖ Hugarþjálfun
 - Markmiðasetning
 - Íþróttasálfræðingur
- ❖ Bílaleigubílar
- ❖ Fatnaður
 - Keppnisbúningar
 - Æfingabúnaður
 - Utanyfirfatnaður
 - Sólgleraugu
 - Auglýsingar á fatnað
- ❖ Æfingatæki

❖ Aðrir aukahlutir

Samvinna

Við gerum okkur grein fyrir því að um leið og við förum í samstarf að þá erum við að vinna með ykkar ímynd og berum ábyrg á því að hún sé jákvæð og uppfylli þær kröfur sem þið gerið til ykkar sjálfra. Allt sem við gerum er gert í samvinnu og er ávallt breytilegt ef þörf er á. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að standa við okkar hluta samningsins og munum við senda ykkur reglulega tölfraðilegar upplýsingar um áhorfendafjölda og ásamt því skjal sem fer yfir okkar hlutverk og hvort okkur tókst að uppfylla ykkar skilyrði. Við tökum glaðar á móti öllum tillögum.

Við viljum vera í sambandi við þig!

Við munum vera í sambandi við ykkur í kjölfar þessa erindis og hlökkum til að eiga möguleika á samstarfi við **Krónuna í Mosfellsbæ**. Allar hugmyndir og nýjar nálganir á samstarfi eru ávallt vel þegnar. Jákvæð samskipti er alltaf höfð að leiðarljósi og við tökum vel á móti öllum tillögum. Ef þú hefur spurningar eða vilt ná sambandi við okkur þá eru tengiliðaupplýsingar hér að neðan

HAFÐU SAMBAND:

Tölvupóstur: dottir.beachvolley@gmail.com

Sími: +354 8227197 (Thelma)

Facebook: [vigfusdottir/gretarsdottir](https://www.facebook.com/vigfusdottir/gretarsdottir)

Instagram: [vigfusdottir_gretarsdottir](https://www.instagram.com/vigfusdottir_gretarsdottir)